

Republik ehf
Súðavogur 20
104 Reykjavík

Reykjavík, 19. júlí 2019
UST201907-156/P.V.B.
09.06.01

Efni: Um sókn um myndatökuleyfi - Dritvík

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Republik ehf, dagsett 17. júlí 2019, um leyfi til ljósmyndatöku í Dritvík innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða ljósmyndatökur í Dritvík innan þjóðgarðsins Snæfellsjökull. Um er að ræða einfalda ljósmyndatöku með 1 módeli og ljósmyndara ásamt aðstoðarfólki, alls 10 manns. Tökur fara fram í sandinum í Dritvík. Á bílastæði verða staðsettir 3 bílar og húsbíll. Áætlað er að tókurnar taki 5-8 tíma og hefjast að morgni 21. júlí og verða frameftir degi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé skilyrðum leyfis og umgengisreglum um svæðið fylgt. Líklegt er að gestir svæðisins verði fyrir einhverjum truflunum en ekki miklum. Mikilvægt er að sýna þeim tillitsemi til að takmarka neikvæð áhrif myndatökunar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Republik ehf leyfi fyrir ljósmyndatöku í Dritvík innan þjóðgarðsins Snæfellsjökulls sbr. lýsingu hér að ofan þann 21. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Myndatakan er bundin við sandin, óheimilt er að fara út fyrir göngustíga við víkina.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Linda Björk Hallgrímsdóttir
sérfræðingur



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur